

Áttundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 13. ágúst 2026, klukkan 20:00.

Mætt eru: Eggert Kjartansson, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Pröstur
Aðalbjarnarson og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta tveimur liðum við
dagskrá fundarins og verða það mál nr. 9 og 10 á dagskrá fundarins.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Samþykktir fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Drög að samþykktum fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga lögð
fram til seinni umræðu.

Samþykkt samhljóða.

2. Erindisbréf Velferðarnefndar Snæfellinga

Drög að erindisbréfi Velferðarnefndar Snæfellinga lögð fram.

Samþykkt samhljóða.

3. Skipan fulltrúa í Velferðarnefnd Snæfellinga

Skipa þarf aðalmann og varamann sveitarfélagsins í Velferðarnefnd Snæfellinga.

Sigurbjörg Ottesen er aðalmaður og Pröstur Aðalbjarnarson varamaður.

Samþykkt samhljóða.

4. Viðauki 3

Guðbjörg Gunnarsdóttir vikur af fundinum.

Viðauki III við fjárhagsáætlun 2026 lagður fram. Með viðaukanum er samþykkt 1.000.000 kr.
hækkun í málaflokki 32, eignasjóði. Viðaukanum verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Viðauki III er samþykktur samhljóða.

5. Erindi frá Sigurði Jónssyni og Guðbjörgu Gunnarsdóttur

Lagt er fram erindi frá Sigurði Jónssyni og Guðbjörgu Gunnarsdóttur, dags. 6. júlí 2026. Í erindi sínu bjóða Sigurður og Guðbjörg sveitarfélaginu garðhýsi sem að staðsett er við húsnæði sem að þau leigja af sveitarfélaginu í Laugargerði.

Samþykkt er samhljóða að kaupa garðhýsið á kr. 1.000.000.

Oddvita falið að ganga frá kaupunum.

Samþykkt samhljóða.

Guðbjörg Gunnarsdóttir kemur aftur inn á fundinn.

6. Ágangur búfjár

Sveitarfélaginu hafa borist skriflegar beiðnir um smölun ágangsfjár.

10.7.2026 sendi Pétur Kristinsson lögmaður, f.h. eigenda og umráðamanna jarðanna Hausthúsa, Hömluholts, Syðra Skógarness, Læks og Grafar í Eyja- og Miklaholtshreppi, bréf ætlað eigendum sauðfjár sem að gengur í Eyja- og Miklaholtshreppi og fór fram á að sveitarstjórn kæmi umræddu bréfi til sauðfjárbænda í sveitarfélaginu, ásamt gjaldskrá til sauðfjárbænda og svo gjaldskrá til sveitarfélagsins vegna ágangsfjár.

Var Pétri lögmanni svarað þann 14.7.2026 og vísað til þess í því bréfi að sveitarfélagið gæti ekki orðið við þeirri beiðni að koma gjaldskrá og bréfi umbjóðenda hans á framfæri við búfjáreigendur enda um einkaréttarlegt málefni að ræða. Eins var í bréfinu gert ljóst að sveitarfélagið tæki ekki á sig greiðsluskyldu skv. gjaldskrá umbjóðenda hans.

21.7.2026 sendir Pétur Kristinsson lögmaður, f.h. eigenda og umráðamanna jarðanna Hausthúsa, Hömluholts, Syðra Skógarness, Læks og Grafar í Eyja- og Miklaholtshreppi, kröfu um smölun ágangsfjár, dags. 17.7.2026. Kröfunni um smölun fylgdu myndir af sauðfé á öllum ofan greindum jörðum.

27.7.2026 sendir Valgarð S. Halldórsson í Gröf beiðni til sveitarstjórnar um smölun í Gröf.

Til máls tóku: VGS, SO, EK, ÞÁ.

Sveitarstjórn árættar bókun sína frá síðasta sveitarstjórnarfundum um málið, 9.7.2026.

Oddvita er falið að svara erindi Péturs, fh. eigenda og umráðamanna jarðanna Hausthúsa, Hömluholts, Syðra Skógarness, Læks og Grafar og erindi Valgarðs S. Halldórssonar í Gröf í samræmi við umræður á fundinum í samráði við lögmann.

Samþykkt samhljóða.

7. Þjóðaratkvæðagreiðsla 29. ágúst 2026 – kjörstaður

Oddviti leggur til að kjörstaður í Þjóðaratkvæðagreiðslu þann 29. ágúst 2026 verði í Laugargerði.

Samþykkt samhljóða.

Oddvita falið að auglýsa kjörstað.

8. Samtök Orkusveitarfélaga

Lagt er fram kynningarbréf Samtaka Orkusveitarfélaga.

Oddviti leggur til að sótt verði um aðild að samtökunum.

Til máls tóku: VGS, EK, ÞA, SO.

Samþykkt með 4 atkvæðum. EK sat hjá.

9. Fundargerð fjallskilanefndar

Fundargerð fjallskilanefndar, dags. 13.8.2026, lögð fram.

10. Fjallskilaseðill 2026

Fjallskilaseðill 2025, dags. 13.8.2026, lagður fram.

11. Svarbréf til Gísla Guðmundssonar

Á fundi sveitarstjórnar þann 9.7.2026 tók sveitarstjórn fyrir erindi frá Gísla Guðmundssyni, sem að barst 7.7.2026. Á fundinum var samþykkt að fela oddvita að svara erindinu.

Lagt er fram svar oddvita við erindi Gísla.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og send í rafræna undirritun.

Fundi slitið kl. 21:10.

Undirritunarsíða

Sigurbjörg Ellen Ottesen

Pröstur Aðalbjarnarson

Veronika G Sigurvinsdóttir

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Eggert Kjartansson